

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá [543. mál á 151. þingi - velferð dýra](#).

Ritað af : Aníta Guðlaug Axelsdóttir

Umsögnin styður frumvarpið. Ég harma það dýranið sem sést á myndbandi sem dýravelferðarsamtökin AWF/TSB gáfu út í nóvember 2021. Unnið er efni úr blóði fylfyllra hryssa á Íslandi sem notað er á spendýr sem frjósemilyf. Þar með knýr efnið verksmiðjuframleiðslu kjöts erlendis. Að mínu mati er þetta vítahringur þar sem þjáning íslenskra hryssa leiðir af sér frekari þjáningu spendýra í verksmiðjubúskap. Íslenska ríkisstjórnin hefur talað opinberlega gegn verksmiðjuframleiðslu í ljósi grimmdar og þeirra áhrifa á umhverfið sem iðnaðurinn felur í sér.

Það er sláandi að sjá það hvernig Matvælastofnun hefur brugðist hlutverki sem eftirlitsaðili í blóðmerabúskapnum. Dýralæknar frá Swiss skrifuðu grein um málið á dögunum þar sem þeir benda á að blóðmagnið sem tekið er úr hryssunum hvert sinn er miklu meira og á skjön við öll vísindaleg viðmið. Þetta er atriði sem dýralæknar Matvælastofnunar hefðu átt að hafa á hreinu. Það er augljóst að stofnunin getur ekki sinnt því eftirliti sem iðnaðurinn krefst og það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að Ísteka hefur nú fengið starfsleyfi samþykkt sem gerir þeim kleift að vinna efnið úr 20.000 merum og því stækka starfsemina umtalsvert.

Þjóðin í miklum meirihluta er andvíg blóðmerahaldi og merkilegt að sjá það að meirihluti kjósenda í öllum flokkum eru á móti blóðmeriðnaðinum skv. skoðunarkönnunum. Það hlýtur að segja sitt og vona ég að þingmenn athugi það vel. Blóðmerahald skaðar ímynd lands og þjóðar óneitanlega.

Blóðmeraiðnaðurinn brýtur gegn lögum um velferð dýra enda bannaður í mörgum löndum vegna dýravelferðarsjónarmiða. Það er löngu kominn tími til að Ísland sem siðmenntuð þjóð fylgi því fordæmi og banni blóðmerahald og framleiðslu PMSG hérlendis fyrir fullt og allt.

Því styð ég að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Virðingarfyllst,

Aníta Guðlaug Axelsdóttir